

RITSTJÓRNARGREIN

Einstæðar hótanir

Það eru óneitanlega kaldar kvæðjur sem Íslendingum berast þessa dagana frá vinþjóðinni í vestri. Má vart annað skilja en bandarískir embættismenn haldi sig geta sagt okkur að standa og sitja að sinni vild. Af einstæðum hroka og fyrirlitningu telja þeir sig geta komið fram við íslensku þjóðina sem hvert annað bananálýðveldi.

Það getur verið nokkuð hollt að skoða þetta einhliða samskiptamunstur með tilliti til þess að hernaðarumsvif Bandaríkjamanna hér á landi í tíð núverandi ríkisstjórnar eru með þeim mestu frá því varnarlíðið kom hingað fyrst til lands. Framkvæmdir í Helgúvík, framkvæmdir á Keflavíkuvelli, bygging radsjárstöðva og umræða um varaflugvöll fyrir Keflavíkflugvöll og þátttaka Bandaríkjamanna við gerð hans eru allt dæmi um áður óþekkt umsvif Bandaríkjamanna hér á landi. Aronskuraddir þykja líka vart lengur athugasemdaverðar.

Þetta vekur spurningar um hvort of langt hafi verið gengið við að veita Bandaríkjamönnum afnot af okkar landsins gagni og gæðum. Hvort Bandaríkjastjórn lítur hernaðarsamstarf okkar gagnkvæmum augum, eða telur sig geta

virt sjálfsákvörðunarrétt þjóðar að vettugi, í krafti stórveldiskomplexa og heimsvalda-hyggu.

Þetta mál getur ekki og má ekki snúast upp í umræðu um afstöðu manna til hvalveiða í vísindaskyni. Það eru hættulegar raddir sem heyrst hafa í þá átt, m. a. frá þingmanninum, Guðrúnu Helgadóttur. Eins er það DV til lítils sóma að vera að ýja að því í leiðara að það sé fyrst og fremst þjófska sjávarútvegsráðherra sem hafi gert það að verkum að nú sé stærsti freðfiskmarkaður okkar, Bandaríkjamarkaður, í hættu. Ef menn hugsa svona þá getum við allveg eins hætt að vera þjóð. Það er svo aftur annað mál hvort Íslendingar hafi sem skyldi komið sjónarmiðum sínum á framfæri erlendis. Hvort ekki megi koma ýmsum bandarískum aðilum betur í skilning um lífsviðurværi okkar og lífnaðarhátt. — Það virðist ekki veita af.

Sú ákvörðun Íslenskra stjórnvalda að hætta hvalveiðum í bili, flýta sumarleyfum hjá Hval hf., og leggja til við Bandaríkjamenn að fresta ákvörðun um efnahagsþvinganir gagnvart Íslendingum á meðan reynt verður að komast að samkomulagi, hlýtur að teljast skynsamleg. —

Sá vægir sem vitið hefur meira, getur átt við í þessu sambandi. En það má heldur ekki sjást að við sýnum undanlátsemi eða eftirgjöf þegar vegið er að grundvelli stjórnskipulags okkar af slíku miskunnarleysi sem nú er gert.

Það verður að treysta því að ríkisstjórnin fari með engu offorsí þessu máli og þjóðarsamstaða náist um viðbrögð gagnvart Bandaríkjastjórn. Forsætisráðherra hefur þegar sýnt viðleitni í þá átt er hann brást vel við þeirri ósk þingflokks Alþýðuflokksins um að stjórnarandstaðan fái að fylgjast gjörlla með framvindu og þróun málsins. Hélt hann þegar fund og skýrði stjórnarandstöðunni frá stöðunni þá stundina.

Í bréfi sem Eiður Guðnason þingflokksformaður Alþýðuflokksins skrifaði forsætisráðherra fyrir hönd þingflokksins segir meðal annars: „Við teljum, að hér sé um það stórt mál að ræða, að ríkisstjórninni beri skylda til að gera stjórnarandstöðunni ítarlega grein fyrir stöðu þess, svo og hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við þessum einstæðu hótunum Bandaríkjastjórnar.“

K. Þ.

Kennslumálaráðherra Dana í opinberri heimsókn:

Lausn handritamálsins undirrituð á Þingvöllum

Dagana 29. júlí til 2. ágúst n.k. heimsækir kennslumálaráðherra Danmerkur, Bertel Haarder, og eiginkona hans Ísland í opinberu boði menntamálaráðherra. Ráðherrann mun heimsækja Háskóla Íslands og helstu söfn höfuðborgarinnar. Norðurland, Mývatn og Akureyri heimsótt og enn fremur ferðast um Borgarfjörð og til Þingvalla.

Heimsóknin er í tilefni af lúkninu hins alkunna og mikilvæga handritamáls, en á Þingvöllum, hinn 1. ágúst, fara fram lokaundirskriftir vegna lausnar þess máls.

Dagskrá heimsóknarinnar er á þessa leið:

Þriðjudagur 29. júlí

Kl. 15.30 Komið til Keflavíkur með flugvél Flugleiða. Sverrir Hermannsson, menntamálaráðherra, og Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri, taka á móti gestunum og fylgja þeim á Hótel Sögu, þar sem dönsku ráðherrahjónin búa ásamt fórunautum sínum.

Kl. 19.30 Kvöldverður (óformlegur) á heimili menntamálaráðherrahjónanna, Einimel 9.

Miðvikudagur 30. júlí

Kl. 9.40 Heimsókn í Þjóðminjasafn Íslands. Safnið skoðað undir leiðsögn Þórs Magnússonar, þjóðminjavarðar.

Kl. 10.40 Heimsókn í Listasafn Íslands. Yfirlitssýning á íslenskri myndlist skoðuð undir leiðsögn dr. Selmu Jónsdóttur, forstöðumanns.

Kl. 12.00 Hádegisverður í boði Háskóla Íslands.

Kl. 14.00 Heimsókn í Háskóla Íslands. Starfsemi háskólans kynnt og m.a. komið í Odda, þar sem Listasafn Háskóla Íslands er til húsa.

Kl. 15.30 Heimsókn í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Léttar veitingar.

Kl. 19.30 Kvöldverðarboð Sverris Hermannssonar, menntamálaráðherra, og eiginkonu hans, Grétu Kristjánsdóttur, í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Fimmtudagur 31. júlí

Kl. 10.00 Haldið með flugvél frá Reykjavíkflugvelli til Norðurlands. Lent á Adaldalsflugvelli og farið þaðan með bifreið í Mývatnssveit. Hádegisverður snæddur í Hótel Reyhlið. Að loknum hádegisverði farin skoðunarferð um Mývatnssveit og síðan haldið til Akureyrar með viðkomu við Godafoss.

Kl. 19.00 Kvöldverður á Akureyri í boði Bæjarstjórnar Akureyrar.

Kl. 22.00 Haldið með flugvél frá Akureyrarflugvelli til Reykjavíkur.


Föstudagur 1. ágúst

Kl. 10.00 Haldið af stað í skoðunarferð um Borgarfjörð. Komið við í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og ekið um Dragháls og

Skorradal til Borgarness. Hádegisverður snæddur á Hótel Borgarnesi. Ekið um Norðurárdal og Stafholtstungur í Reykholt og drukkið þar síðdegiskaffi. Haldið þaðan um Lundarreykjadal og Uxahryggi til Þingvalla. Kvöldverður í Hótel Valhöll á Þingvöllum kl. 19.00.

Laugardagur 2. ágúst

Kl. 7.45 Brottför frá Keflavíkflugvelli.



Ákveðið hefur verið að framlengja sýningunni á verkum Picasso á Kjarvalsstöðum til 10. ágúst. Hátt í tólf þúsund manna hafa séð sýninguna frá því hún var opnuð 31. maí s.l. Sýningin kemur úr einkasafni ekkju listamannsins, Jacqueline, en hún var viðstödd opnun sýningarinnar í vor.



Billinn í lagi
— beltin spenn
börnin í aftursæti.
GÓÐA FERÐ!

Sundlaugarnar

Vegna viðgerða og endurbóta á Sundlaug Vesturbæjar verður laugin lokuð frá og með mánudeginum 28. júlí n. k. Gert er ráð fyrir að hægt verði að opna aftur eftir 2—3 vikur. Sundlaugargestum er bent á aðrar sundlaugar í Reykjavík:

Sundhöll Reykjavíkur:
Mánud.—föstud. frá kl. 07.00—20.30.

Laugardaga frá kl. 07.30—17.30.
Sunnudaga frá kl. 08.00—14.30.

Sundlaugin í Laugardal:
Mánud.—föstud. frá kl. 07.00—20.30.

Laugardaga frá kl. 07.30—17.30.

Sunnudaga frá kl. 08.00—17.30.
Sundlaug Fjölbrautaskólans í Breiðholti:

Mánud.—föstud. frá kl. 07.20—20.30.

Laugardaga frá kl. 07.30—17.30.
Sunnudaga frá kl. 08.00—17.30.

Lokunartími er miðaður við þegar sölu er hætt, en þá hafa gestir 30 mínútur áður en vísad er uppúr laug.

Vonast er til að gestir Sundlaugar Vesturbæjar taki þessari lokun með þolinmæði og stundi íþrótt sína í öðrum sundlaugum borgarinnar þar til við opnum á ný.